

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 480/2006 um fólkvang í Einkunnum, Borgarbyggð.

1. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

Óheimilt er að rækta framandi tegundir, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, innan fólkvangsins. Þó er heimilt að viðhalda gamla skógræktarreitnum, sbr. afmörkun hans á meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti, og að rækta þar áfram tegundir sem plantað hefur verið í reitinn fyrir friðlýsingu fólkvangsins. Við gróðursetningu og grísjun trjáa skal haft samráð við Skógræktarfélag Borgarfjarðar.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Mörk svæðisins eru eftirfarandi: Að norðan frá Háfsvatni fylgja þau merkjagirðingu Hamars og Holts (punktur 1-2), og þaðan áfram í suðvestur í girðingarhorn suðaustan skátaskálans (punktur 2-5) og áfram vestur í girðingu sunnan skálans (punktur 6) á landamerkjum Hamars og Borgar. Þaðan fylgja mörkin landamerkjum Hamars og Borgar (punktur 6-7) að landamerkjum Hamars og Tungulækjar og síðan áfram eftir Háflæk og landamerkjum Hamars og Tungulækjar að Jarðlangsstöðum og áfram eftir landamerkjum jarðanna í Háfsvatn (punktur 1).

Mörkin eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti í fylgiskjali og eru mörkin auðkennd með eftirfarandi hnitum (ISN93) eftirfarandi töflu:

Mörk fólkvangsins								
Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit
1	361554,595	460025,790	2	362296,159	459103,050	3	362026,346	458742,651
4	361687,604	458120,577	5	361165,935	457487,860	6	360660,846	457490,780
7	360423,358	458386,272						

Mörk skógræktarreiðsins								
Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit
1	360974,5000	458657,5000	2	360901,4000	458455,3000	3	360828,200	458462,9000
4	360722,1000	458328,6000	5	360876,9000	458176,1000	6	360666,2000	458144,3000
7	360570,3000	458175,0000	8	360501,9000	458082,5500	9	360423,358	458386,272
10	360510,351	458563,377	11	360555,068	458766,938	12	360699,100	458795,000
13	360873,100	458840,600	14	360896,100	458817,700	15	360866,200	458757,300

3. gr.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. janúar 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

